# Skýrsla Þrykkjunnar
# Félagsmiðstöð
## Haust 2018 – Vor 2019




**10.05.2019** **Sveitarfélagið Hornafjörður**

# Efnisyfirlit

1. **Opnunartímar 2018,** ........ 3
2. **September** ........ 3
3. **Október** ........ 4
4. **Nóvember** ........ 4
5. **Desember** ........ 6
6. **Opnunartímar 2019** ........ 7
7. **Janúar** ........ 7
8. **Ferbrúar** ........ 7
9. **Mars** ........ 8
10. **Apríl** ........ 8
11. **Maí** ........ 9
12. **Annað** ........ 9
13. **Lokaorð** ........ 10

1. **Opnunartímar 2018,**

Mánudagar , miðvikudagar og föstudagar - 8.bekkur,
9.bekkur og 10.bekkur kvöld opnun frá kl:20:00 til 22:00.
Fundur í Þrykkjuráði flesta mánudaga kl 19:30.
Opnun fyrir yngri-bekki,
þriðjudagar og fimmtudagar 5.bekkur, 6.bekkur og 7. bekkur.
Opnun frá kl:17.00 til 19:00.

2. **September**

Ráðning starfsmanna undirrituð byrjaði starfið ein 1.september í
50% tímabundið starf, kom mér fyrir og reyndi að fá búnað til að virka það má taka fram að sími og prentari er ekki
en kominn í Þrykkjuna þrátt fyrir að Ragnhildur og undirrituð hafa haft þó nokkrum sinnum samband við tölvu-
umsjónar menn og rafvirkja. Stefanía Ósk Hjálmarsdóttir var ráðin til starfa til reynslu í
30% starf og tímabundið starf frá janúar 2019,hún hefur reynst unglingunum okkar vel og þau treysta henni.

Kynning í skólum undirrituð fór í skólana báða það gekk betur í Heppuskóla þar sem allir voru inni í bekkjum.
En eitthvað misreiknaði hinir þar sem allir voru út og suður en ég náði sambandi við marga í 5.bekk, 6. bekk og 7. bekk og mættu þeir vel í fyrstu opnun.

Kosningar í Þrykkjuráð og kynning á því starfi fór fram í skólanum og gekk hratt og vel fyrir sig og þau hafa mætt vel og unnið vel
í vetur. Frábær leið til að gera það sem þeim langar að gera.

Kosningakvöld og kynning það var
ekki þörf á því þar sem við ákváðum að allir sem buðu sig fram væru í Þrykkjuráði 8 buðu sig fram en áætlað var að hafa 6 unglinga 2 úr hverjum bekk. 2 úr 8.bekk,
2 úr 9.bekk og 2 úr 10.bekk. Það gekk eftir og gengur vel þau eru flest vel virk og vinna vel og mæta vel.

3. **Október**

Settum okkur reglur í Þrykkjunni í Þrykkjuráði.

Spilakvöld, spiluðum Rallý spilið það er vinsælt.

Þrykkjuráð mætir til fyrsta fundar eftir kosningar fyrsti fundur var
í Heppuskóla sem hefur tekið vel á móti okkur en flestir aðrir fundir eru í
Þrykkjunni kl: 19:30 flesta mánudaga í vetur.
Einn jólakaffi fundur var heima hjá undirritaðri.

Kosning í Ungmennaráð á vegum Þrykkjunar var Guðný Olga Sigurbjörnsdóttir.

Kósý-kvöld bíó , popp og gos góð mæting og kósý.

Sundstuð góð mæting, gaman og allir skemmtu sér vorum með keppni í
sjómann með smokka og sleipiefni, reipitog, flekahlaup, allir fengu ís á eftir
Tekið var vel
á móti okkur og allt gekk vel. Heppuskóli lánaði okkur hljóðkerfi og það var
vel gert hjá þeim.

Skráning og undirbúningur fyrir söngvakeppni 3 lið skráðu sig eða ein stök, eitt
atriði með tvo söngvara og eitt atriði sem var hópatriði. Þórdís Imsland var
ráðinn til að hjálpa söngvurum að koma fram og syngja það var vel notað.

Halloween skemmtileg skemmtun og allir svo áhugasamir að taka þátt í
undirbúningi og ég mæli með að það verði áfram á dagskrá hjá unglingunum.
Sumir feimnir að taka þátt en þegar komið var
á staðinn var rosalega gamann hjá öllum draugahúsið mátti alveg vera betur
búið en það verður það vonandi næst.

4. **Nóvember**

Söngæfingar fyrir keppendur Þórdís Imsland kom til starfa og æfði þá sem vildu
fyrir keppnina.

Klúbbastarf fór í
gang könnun var gerð áhugi var sýnilegur fyrir hljómsveit en ekkert varð úr því
vegna forfalla, Stíll komst á koppinn og var
Sunna Guðmundsdóttir ráðin til starfa til að vinna með þann klúbb og gekk það
vel tvö lið fóru áfram til RVK. Í Slíl keppnina þemað í ár var 90S˚

Forkeppni USSS fór fram í Sindrabæ 3 lög kepptu og Dagmar
Lilja Óskarsdóttir kommst áfram og keppti fyrir hönd Þrykkjunnar í stóru USSS keppni sem var haldinn á Höfn í Íþróttahúsinu nóvember 2018.




USSS keppni haldin í Íþróttahúsinu á Höfn 400 til 500 ungmenni voru á keppninni frá öllu suðurlandi og fór hún vel fram og Dagmar
Lilja komst upp úr þeirri keppni og keppti fyrir hönd Þrykkjuna í RVK í mars 2019. Adisa Mesetovic sá um keppnina á Höfn ásamt Herdísi Waage sem fengu góða hjálp frá Unglingaráði og starfmönnum Þrykkjunnar.

## 5. Desember

6. desember 2018, undirrituð skrifaði í Eystrahorn um
USSS keppnina á Höfn í Íþróttahúsinu.

Jólaskreytingar settum upp jólaljós og skraut.

Jólabakstur bökuðum piparkökur og skreyttum þær.

Klúbbastarf, Stíll fór í
gang sem endaði með að þrjú lið tóku þátt og Sunna hélt utan um þetta starf.
Molagerð með Helga Sæmundssyni það er alltaf jafn spennandi fyrir unglingana og okkur.

Jólabíó jólakökur og kakó, popp og kók.

Jólapeysudagur flestir mættu í peysu og skemmtileg tilbreyting, yngri hópurinn er samt sigurvegari.

Opnun á milli hátíða gekk vel ekki góð mæting en full þörf á því.

## 6. **Opnunartímar 2019**

mánudagar , miðvikudagar og föstudagar -  8.bekkur,
9.bekkur og 10.bekkur kvöld opnun frá 20:00 til 22:00.
Fundur í Þrykkjuráði flesta mánudaga kl 19:30.
Opnun fyrir yngri-bekki,
þriðjudagar og fimmtudagar 5.bekkur, 6.bekkur og 7. bekkur.
Kl:17:00 til19:00.

## 7. **Janúar**

Borðtennismót ekki mættu margir en góð skemmtun.

Lögguspjall góð mæting spiluðum og ræddum málin um að hver og einn velji rétt fyrir sig.

Undankeppni í Hönnunarkeppni Stíll keppnin var haldin í Nýheimum gott og gaman að halda þetta þar, mæli með því.

SAMFÉS söfnun fór í
gang ákveðið var að fá að tína rusl og Herdís sagði að það væri reiknað með því í fjárhagsáætlun ( þegar kom að því að tína ruslið þá var búið að ráðstafa því annað sem er synd). Vorum með barna bíó og Rave
ball fyrir yngri hópana í fjáröflun.

Pizza bakstur bökuðum Pizzur góð mæting vinsælt og gott.

Kahoot spurningakeppni skemmtilegt það er inn í dag.

## 8. **Ferbrúar**

Stíll keppni í RVK
Sunna Guðmundsdóttir fór með tvö lið ásamt foreldrum á keppnina, undirrituð mætti á laugardeginum til að aðstoða við myndatöku og vera til staðar þar sem Sunna þurfti að fara fyrr til að ná flugi norður.

Valentínusar dagurinn haldin hátíðlega Valentínusar BÍÓ.
Rave ball söfnun fyrir SAMFÉS.

Bíó í Nýheimum söfnun fyrir SAMFÉS.
Loka mót í borðtennis Stóra súkkulaðimótið.

9. **Mars**

Undirrituð skrifaði um starfið í vetur í Þrykkjunni og sendi á Eystrahorn.
Námskeið, Unglingar gegn ofbeldi sem Ragnheiður Rafnsdóttir skólahjúkrunar-fræðingur var með, það var
vel mætt og gekk vel. Virtu mín mörk og virtu þín mörk.(virtu mörkin mín og virtu mörkin þín)
Lögguspjall veldu það sem er rétt fyrir þig, eitt líf einn líkami eitt eintak af þér.
Undirbúningur fyrir Samfestinginn plönuðum okkur eins og hægt var
en enduðum í plani a,b,c,d,e,f,og fl....
Samfestingurinn 25 fóru með starfmönnum og rútubílstjóra. Lagt var af stað kl: 09:00
á mínútunni og bílstjórinn rak ekki mynni til að það hafi gerst áður á hanns vakt.
Gist var í Íþróttahúsi í Breiðholti og þar fór vel um okkur. Ballið var
um kvöldið og allt fór vel fram hjá okkur.
Söngvakeppni Samfés var daginn eftir Samfestinginn þar keppti Dagmar
Lilja Óskarsdóttir fyrir hönd Þrykkjunnar. Hún stóð sig vel.

Bíókvöld reyndum að ná okkur niður í róleg heitum eftir ævintýri helgarinnar.

10. **Apríl**

Spilakvöld spilað á öllum borðum.

Árshátíð starfsmanna 2019
í Mánagarði við Stefanía fórum ásamt mökum og skemmtum okkur manna
best þetta var svo skemmtilegt og leikskóla-starfsmenn voru svo flottar.

Snjóboltastríð var búinn að ganga
á eftir því að fá Íþróttahúsið það gekk að lokum og mikið rosalega er þetta gaman.

Páskaeggjaleikur spurninga og þrautaleikur og að lokum fengu allir páska egg og kakó og eða djús.

Elduðum saman Risaeðlu borðuðum og horfðum saman á mynd.

## 11. **Maí**

Spiladagur Rallýspilið svo vinsælt.

Spilum úti Kubb úti þar sem húsið var undirlagt af riki og skít heitavatnleiðslur fyrir útidyrahurðinni veit ekki alveg hvernig þetta verður þurfum kannski að fær a starfsemina anna rétt á meðan? Leki efti sögun á vegg á gólfinu hjá sjónvarpinu.

Hafnrbúðar ísferð splæsti ís á hópinn ekki hægt að vera í Þrykkjunni kalt, rik og vatnslaust. Leki við eldhúsinnréttingu sem kom af efri hæð niður loftið.

Mikill leki húsið ekki nothæft út maí gerum eitthvað gott úr því.

Ratleikur. (áætlað)
Grillum Pylsur. (áætlað)
RAVE ball (áætlað)
Óvissuferð fyrir Þrykkjuráð. (áætlað)
Bökum saman Súkkulaðiköku. ( áætlað)
Skrifa í Eystrahorn um söngvakeppnina og starfið í vor í Þrykkjunni.

## 12. **Annað**

Borðtölva úr takti við tíman og næst ekki samband við hana milli prentara og tölvu, endurnýjun og uppfærsla þarf að fara yfir í leiktækjin fyrir næsta vetur. Búinn að vera í sambandi við Þekkingu vegna þessa.

Tæknimál net í ólestri, Netflix þarf að vera skráð á Þrykkjuna, sími ekki en kominn, prentari ekki kominn í samband,
Samband Heppuskóla og Þrykkjunnar skólinn og starfsmenn hafa í alla staði ver ið boðin og búin að hjálpa til við viðburði lána hús og græjur sem er alveg frábæ rt og nauðsynlegt.

Samband Grunnskólans yngri bekkir og Þrykkjunnar það gekk flest vel smá krossmengun þar sem skólinn og eða foreldrar voru með viðburði á sama tíma og Þrykkjan, það kom svo-
sem ekki að sök en sumir fúlir að þurfa að velja en það er ekki hægt að gera nema eitt í einu. Vonandi gengur bara betur næst.

Samband Tónskólans og Þrykkjunnar gekk vel fengum Sindrabæ eftir þörfum og allir tilbúnir að færa sig svo við kæmumst að.

Samband FAS og Þrykkjunnar, nemendaráð FAS notaði ekki mikið dagana sem stendur til boða en vann á eftir því sen leið á veturinn. Við fengum aðgang að Nýheimum eins og við þurftum og voru þau mjög sveigjanleg með það allt saman.

Nýting á nýju húsnæði Þrykkjunnar full þörf er á
100% opnun á félagsmiðstöðinni og ungmennahúsi allt árið í kring eins og Skúli Ingibergur sagði miðað við allar kannanir þá er drykkja unglinga mest á sumrin í þann tíma þurfum við líka að mæta þörfum þeirra,

FAS mun þá nýta sér húsið betur þegar kominn verður starfsmaður sem getur unnið með þeim. Þörf á meiri opnun fyrir yngri hópinn til að koma í
veg fyrir tölvufíkn og félagsfælni að sögn og viðtala við foreldra og börn.

Einu sinni í viku kom dagþjónustan og alla laugardaga var fjölmenningur í húsinu oft annsi margir ef það á að vera normið þarf að fylgja því aukið fjármagn og starfsmaður sem passar upp á að reglum sé fylkt.

## 13. **Lokaorð**

Það er mikilvægt að Þrykkjan sé með skipulagt starf kynni og auglýsi það vel. Starfsmenn fái að fara á viðburði til að kynna sér hvað aðrir eru að gera og hvað sé inn hverju sinni. Við þurfum sem dæmi að fara inn í
Instagram og vera með myndir auglýsingar þar, ungafólkið er hætt að nota Facbook sem við gamla fólkið gerum en. Fjárlaga-
ramminn sé upp á borði fyrir starfsmenn til að vinna eftir sem undirrituð hefur aldrei séð. Nota my time
plan fyrir vinnslu á tíma skrift ekki gamallt og lúið Exel skjal sem var búið til á hinni öldinni. Húsnæðið er komið þá er hægt að bæta og gera starfið betra og betra sem er alltaf hægt. Takk fyrir veturinn þetta er það skemmtilegasta verkefni sem ég hef gert um ævina.